



FJÖR Í FJÖLBRAUT

Febrúar 2022
1. tbl. 1. árg.

Fréttabréf Fjölbrautaskóla Suðurnesja



Meðal efnis í þessu blaði

▶ FORVARNARVIKA
GEGN EINELTI

▶ PÁSKAFRÍ

▶ UPPBROTSDAGUR

▶ NÁMSMATS- OG
UNDIRBÚNINGSDAGUR

▶ FRÉTTIR FRÁ
NEMENDAFÉLAGI

▶ STARFSHLAUP

FORVARNARVIKA GEGN EINELTI

Forvarnavika gegn einelti var haldin 24.-28. janúar.

Vanda Sigurgeirsdóttir hélt þar fróðlegt erindi um einelti fyrir alla nemendur skólans. Í kjölfarið sköpuðust góðar umræður í kennslustundum og síðan var unnið með hugtakið einelti í hinum ýmsu námsgreinum. Ferli og viðbrögð við eineltismálum hefur verið uppfært og má sjá á [heimasíðu skólans](#).



**FORVARNARVIKA
GEGN EINELTI**

#EKKI STINGA HÖFÐINU Í SANDINN



FRÉTTIR FRÁ NEMENDAFÉLAGI

- Ræðulið FS tók þátt í ræðukeppninni Morfís þann 23. febrúar. Þar atti liðið kappi við lið Tækniskólans og vann með 520 stiga mun. Guðni Kjartansson var valinn ræðumaður kvöldsins. Næsta viðureign er í 8 liða úrslitum gegn liði MH. Við óskum okkar fólki til hamingju með sigurinn.
- Nemendafélagið mun miðvikudaginn 2. mars halda skemmtikvöld á sal skólans. Þar frumsýnir Hnísan myndband og fleira. Boðið verður upp á veitingar.
- Vöfluvagninn mun mæta fyrir utan skólann fimmtudaginn 3. mars og bjóða upp á vöflur til sölu fyrir nemendur og starfsmenn skólans.
- Fimmtudaginn 3. mars mun svo nemendafélagið standa fyrir 80´s balli í Stapa. Listamennirnir FM95blö, Sverrir Bergmann og séra Bjóssi munu halda uppi fjörinu. Ballið verður frá kl. 22:00 - 1:00 en húsið lokar kl. 23:00. Athugið að ekki verður gefið frí í fyrstu kennslustundum daginn eftir.
- Nú standa yfir æfingar á söngleiknum Grease og stefnt er að frumsýningu þann 18. mars. Sýningin er sett upp í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur og taka hátt í 40 nemendur FS í sýningunni á einn eða annan hátt.

NÁMSMATS OG UNDIRBÚNINGSDAGUR

Engin kennsla verður í skólanum þriðjudaginn 22. mars. Þennan dag munu kennarar nýta í námsmat og undirbúning fyrir seinni hluta annarinnar. Nemendur þurfa því ekki að mæta í skólann en geta notað daginn til að vinna verkefni eða sinna öðru námi eins og þeim hentar.



UPPBROTSDAGUR

Miðvikudaginn 9. mars verður skólastarfið brotið upp með skemmtidegi sem kallast „Spilaðu með!“ Þennan dag verður boðið upp á leiki og spil um allan skóla. Þar má nefna borðspil, hlutverkaleiki, borðtennis, pílu og margt fleira. Í hádeginu verður matartorg á sal þar sem margs konar veitingar verða í boði. Nemendur geta keypt armband sem gildir á matartorgið og borðað eins og þeir vilja af öllu sem þar er í boði. Í hádeginu verða einnig skemmtiatriði og tónlist á sal.

“

STARFSHLAUP

Föstudaginn 8. apríl fer Starfshlaup FS fram í 26. sinn en þessi keppni fór fyrst fram árið 1994. Fyrir þá sem ekki þekkja starfshlaupið þá reyna nemendur með sér í n.k. boðhlaupi þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann auk ýmis konar þrauta. Nokkur lið keppa í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda ásamt stuðningsmönnum. Fyrir hverju liði fara nokkrir fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Mikil spenna er fyrir Starfshlaupinu í ár enda hefur það fallið niður tvö síðustu ár vegna samkomutakmarkana.

[Myndasafn frá síðasta starfshlaupi](#)

“

PÁSKALEYFI

Síðasti skóladagur fyrir páska er föstudagurinn 8. apríl en þann dag er Starfshlaup. Kennsla hefst aftur þriðjudaginn 19. apríl en eftir páska eru tæpar þrjár kennsluvikur eftir af önninni. Við hvetjum því nemendur til að gera eitthvað skemmtilegt í páskafríinu og koma vel undirbúin undir lokasprettinn á önninni.